

Skólaráðsfundur 22. febrúar 2011, í húsnæði Grunnskólanum í Búðardal.
Fundin sátu: Eyjólfur Sturlaugsson, Elinborg Eggertsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Björt Þorelifsdóttir, Linda Traustadóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð. Guðmundur Gunnarsson, Aníta Rún og Aldís Stefánsdóttir boðuðu forföll.

Fundur hófst kl. 19:00

1. Aðstaða grunnskóladeildar í Búðardal skoðuð, og eftirfarandi athugasemdir komu fram:
 - a. Komið er að endurnýjun tölvukosts kennara.
 - b. Bæta þyrfti við 2 borðum í kennararými svo kennarar hefðu séð vinnuborð.
 - c. Dúkar á gólfum þarfnast bónunar.
 - d. Brunavarnarkerfi í eldri byggingu vantar.
 - e. Ekki eru í öllum kennslustofum neyðarútgangar.
 - f. Merkingar á útgönguleiðum vantar í allar kennslustofur.
 - g. Rýmingaráætlun fyrir allan skólann vantar.
 - h. Hita mætti koma fyrir í gólfum andyris.
 - i. Breyta þarf salernum fyrir drengi og koma upp 2 heimilisklósettum í stað þess sem fyrir er.
 - j. Koma þyrfti upp vatnsbrunni í nýrri byggingunni.
 - k. Smiðabekkir eru komnir til ára sinna.
 - l. Ath. Rafmagnstæki í smiðastofu þurfa að vara í lokuðu rými.
 - m. Viðhald utan húss er verulega ábótavant.
 - n. Skoða þarf öll leiktæki við grunnskólann.
2. Fjárhagsáætlun 2011 fyrir Auðarskóla kynnt og farið yfir helstu atriði vegna sparnarðar.
3. Stofnun nemendafélags Auðarskóla kynnt og ný stjórn kynnt.
4. Önnur mál.
 - a. Eftir að hafa gengið um skólabyggingu má sjá að of margir hlutir þarfnast lagfæringar við og betur mætti fara. Oft tekur of langan tíma að fá hlutina lagfærða og margt situr á hakanum. Því er það mat skólaráðs að æskilegt sé að ráða húsvörð fyrir Auðarskóla sem gæti samhliða því gengt öðrum störfum í skólanum t.d. skólaliða og ræstingu.

Fundi slitið kl. 21.15